

Pingeyingar fara með friði

„Ágústfriður“ Friðarhreyfingar Þingeyinga er nú á ferð um landið, og var tíðindamaður blaðsins viðstaddur fyrstu skemmtunina, sem haldin var að Höfn Hornafirði.

Fyrri hluti dagskrárinnar felst í nokkrum stuttum fræðsluerindum og vísnaðsöng. Að þessu sinni flutti séra Gunnar Kristjánsson hugvekju, Bergljót Ingvadóttir kynnti hugmyndir um friðaruppeldi, og Þorsteinn Vilhjálmsson sagði frá afleiðingum kjarnorku-hernaðar. Eru þetta einhver bestu fræðsluerindi sem ég hef heyrt, – stutt, auðskilin og hnitmiðuð. Guðrún Hólmgeirsdóttir söng nokkur ættjarðar- og ástarlög með miklum ágætum.

Kamarorghestar byrjuðu síðari hluta dagskrárinnar með magnaðri uppákomu, en síðan spiluðu þau fyrir dansi. Þessir íslensku Kaupmannahafnarbúar flytja kraftmikið nýrokk, og eru kærkomin upplifun í því tíðindaleysi sem nú ríkir í íslenskum poppheimi.

Aðeins eitt er að þessari dagskrá að finna. Vegna mistaka við framkvæmdastjórn komu auglýsingar ekki upp í Hornafirði fyrr en seint sama dag og skemmtunin var. Því komu aðeins um 40 fullorðnir, auk slatta af börnum. Dró þetta fámenni úr fjörunu, en viðstaddir luku lofsorði á Kamarorghesta og samkomuna alla. **gg**

Austurland

Sveitarfélögin þinga

Átjándi aðalfundur Sambands sveitarfélaga í Austurlandskjördæmi verður haldinn á Höfn í Hornafirði dagana 24. og 25. ágúst n.k.. Á fundinum fara fram venjuleg aðalfundarstörf en auk þess verða eftirgreind viðfangsefni tekin til sérstakrar umfjöllunar.

1. Staða verk- og tækni-menntunar á Austurlandi – Framhaldsskólinn í Neskaupstað. Framsögumenn verða Smári Geirsson skólameistari og Einar Már Sigurðsson skólafulltrúi.

2. Skýrsla nefndar, sem skipuð var „til að gera úttekt og tillögur um samgöngukerfi, skipulag samgangna og flutningaþjónusta á Austurlandi“. Framsögumaður Ólafur Steinar Valdimarsson, ráðuneytisstjóri.

3. Atvinnumál á Austurlandi, – sjávarútvegur og fiskvinnsla.

Gist verður að Hótel Höfn eftir því, sem húsrúm leyfir. Að öðru leyti verður fundarmönnum séð fyrir gistingu annarsstaðar. Áriðandi er að hafa sem fyrst samband við Árna Stefánsson hótelsstjóra í síma 97-8240 eða 8265, eða Sigurð Hjaltason í síma 97-8700, og tilkynna þörf fyrir gistingu. **– mhg**

Norræna húsið

Fimm ungir tónsmiðir

Íslandsdeild Ung Nordisk Musikk samtakanna heldur tónleika í Norræna húsinu næstkomandi sunnudag, 12. ágúst, kl. 17.00. Þar gefur að heyra tónlist fimm ungra tónsmiða sem sækja tónlistarhátíð UNM í Malmö 19. – 26. ágúst næstkomandi.

Höfundarnir eru Mist Porkelsdóttir, Haukur Tómasson, Árni Harðarson, Lárus Grímsson og Atli Ingólfsson, en fluttur verður einleikur á flautu, sextett, raftónlist, og Hamrahlíðarkórinn syngur.

Ágóði tónleikanna rennur til starfsemi UNM á Íslandi.

Gallery Lækjartorg

Blyants-teikningar

Ólafur Sveinsson myndlistarmaður opnar sýningu 11. ágúst í Gallery Lækjartorgi. Á sýningunni eru eingöngu blyants-teikningar. Ólafur sýndi síðast í Djúpinu allan síðastliðinn mánuð.

Sýningin í Gallery Lækjartorgi er 4. sýning Ólafs á þessu ári. Sýningin stendur til 19. ágúst og er sölusýning.


Óperan

Þjóðlegt og alþjóðlegt

Íslenska óperan hefur á föstudagskvöldum í júlí og það sem af er ágúst boðið upp á sumardagskrá til styrktar óperunni. Sú dagskrá er með íslensku og erlendu efni, þjóðlegur bragur er yfir fyrri hlutanum en síðari hlutinn er samsettur af atriðum úr óperum, óperettum og söngleikjum. Framkoma óperusöngvarar ásamt kór Íslensku óperunnar og allir endurgjaldslaut. Skemmtun þessi hefst kl. 21.00. Stjórnandi og kynnir er Garðar Cortes og undirleikari er Þóra Friða Sæmundsdóttir.

Hveragerði

Gult og blátt Ólafs Th. Ólafssonar



Ólafur Th. Ólafsson

Gult og blátt eru áberandi litir á málverkasýningu Ólafs Th. Ólafssonar sem opnuð verður í Félagsheimili Ölfusinga í Hveragerði á morgun kl. 2.

Ólafur útskrifaðist úr málunardeild Myndlista- og handíðaskóla Íslands vorið 1979.

Þetta er 5. einkasýning Ólafs. Áður hefur hann sýnt í Safnahúsinu á Selfossi, Gallerí Langbrók, í Fosnesti á Selfossi og í Prastarlundi við Sög. Auk þess tekið þátt í nokkrum samsýningum.

Á sýningunni eru 40 myndir, unnar með olíulitum og blandaðri tækni. Myndirnar eru allar til sölu.


Sýningin er opin kl. 14 – 22 um



Ský og buxur, eitt málverka Ólafs

helgar og kl. 16 – 22 virka daga og stendur til 19. ágúst.

Félagsheimili Ölfusinga er við hliðina á Eden í Hveragerði.



Þau sýna á Kjarvalsstöðum. F.v.: Svala Jónsdóttir, Aðalheiður Valgeirsdóttir, Hildigunnur Gunnardóttir, Lára Gunnarsdóttir og Sigurbjörn Jónsson.

Kjarvalsstaðir

Grafík og teikningar

Á morgun, laugardag, opna 5 ungir listamenn sýningu í austursal Kjarvalsstaða og eru á henni um 40 verk bæði grafíkmyndir og teikningar. Sýningin er opin daglega kl. 14 – 22 en

henni lýkur 26. ágúst.

Þau sem sýna eru Aðalheiður Valgeirsdóttir, Hildigunnur Gunnarsdóttir, Lára Gunnarsdóttir, Sigurbjörn Jónsson og

Svala Jónsdóttir. Þau hafa öll útskrifast úr grafíkdeild Myndlista- og handíðaskólans sl. 3 ár og reka nú saman verkstæði á Seltjarnarnesi.

– GFr


Skálholtskirkja

Enn barokk

Á laugardag og sunnudag verða síðustu tónleikar á þessu sumri í Skálholtskirkju. Þar koma fram trompetleikarinn Ásgeir Steingrímsson og orgelleikarinn Orthulf Prunner. Á efnisskránni verður barokktónlist eftir Torelli, Vivaldi, J.S. Bach, Händel og Purcell auk þess sem flutt verður stef úr Þorlákstíðum frá því á 13. öld.

Ásgeir Steingrímsson lauk einleikarprófi frá Tónlistarskólanum í Reykjavík árið 1979. Hann hélt eftir það til New York og lauk prófi frá Mannes College of Music árið 1983. Ásgeir hefur starfað í Reykjavík síðastliðið ár og komð fram á fjölda tónleika, meðal annars leikið einleik með Íslensku hljómsveitinni og Símfóníuhljómsveit Íslands.

Orthulf Prunner er fæddur í Vín í Austurríki og stundaði þar orgelnám hjá Anton Heiller. Hann hefur haldið fjölda tón-



leika í Skandinavíu, Sviss, Þýskalandi og Austurríki. Orthulf hefur búið á Íslandi um nokkurra ára skeið og starfar sem orgelleikari við Háteigskirkju í Reykjavík. Tónleikarnir hefjast klukkan 16.00 báða dagana og aðgangur er ókeypis.